

# Stjórn foreldrafélags Öldutúnsskóla, Fundur 3 – 3.12.2012

Mættir: Valerie, Inga Anna og Snædís

Haldin á Súfistanum Hafnarfirði

## 1. Samatekt eftir jólaföndrið: keypt inn fyrir ca 30.000kr (lím, málning, músastigaefni)

Ingibjörg gekk frá greiðslu vegna þessa. Notast átti við efni frá fyrri árum en þa virðist hafa glatast í tiltekt fyrir á árinu.

## 2. Fræðsla

Fræðsla fyrir nemendur:

- Blátt áfram: 2., 8. og 9. Bekkur. 2. Bekkur er fritt, foreldrafélag borgar fyrir 8. og 9. Bekk. Mikilvægi þess að áfallateymi sé til staðar var rætt, haldið hefur verið vel utan um þann þátt hjá Öldutúnsskóla. Snædís sér um að panta fræðsluna
- Marita fræðslu fyrir 6. og 7. Bekk, t.d. netfræðslu, Inga Anna ætlar að hafa samband við Magnús hjá Marita
- Fjármálafræðslu fyrir 10. Bekk, Snædís ætlar að kanna það

Fræðsla fyrir foreldra:

- Bjóðum Geir Bjarnason forvarnafulltrúa á Bekkjartenglafund þann 23.1.13, Valerie ætlar að tala við hann

Fjármálastaða foreldrafélagsins er góð, þannig aðrir möguleikar eru:

- Kanna hjá Erlu skólastjóra hvort það vanti fræðslu um eitthvert ákveðið málefni, hvort skólinn sé með óskir varðandi þetta – Valerie athugar
- Aldan, vantar eitthvað þar sem foreldrafélag getur keypt? Valerie ætlar að tala við Kristján

## 3. Foreldraráð

Valerie sagði frá seinna hlut námskeiðsins hjá Helgu Margréti og fundi Foreldraráðs. Fimm Forgangsverkefni foreldra í Hafnarfirði hafa verið ákveðin, þau eru:

- SMT þing
- Að talsmaður foreldrafélagana sé á launum hjá bænum
- Koma heimasíðum skólana á betra form þar sem þess er þörf.
- Styðja við skólanna í einstaklingsmiðuðu námi.
- Heilsueflandi Hafnarfjörðu

#### **4. Úthringiáttak um áramót fyrir 8.-10 bekk**

Snædís ætlar að sjá um þetta og skoða hvort hún reynir að fá foreldrar til að taka þátt í úthringiáttaki eða hvort hún sendir SMS á foreldra.